

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

31. fundur.

að Hlíðavegi 6, 17. janúar 2008, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf Skipulagsstofnunar v/deiliskipulags við Dimmuborgir.
3. Bréf frá Jóhannesi Steingrímssyni.
4. Bréf Félagsmálaráðuneytisins v/ráðstefnu 4. febrúar.
5. Bréf Dvalarheimilis aldraðra v/byggingar búseturéttaríbúða á Húsavík.
6. Bréf Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála v/kæru Eldár ehf.
7. Malarvinnslan hf.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 749. fundur.

Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 7. des.

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar dags. 4. jan.

Fundargerð stjórnar Menningarmiðstöðvar Pingeyinga dags. 18. des.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði mönnum gleðilegs árs.

2. Bréf Skipulagsstofnunar v/deiliskipulags við Dimmuborgir.

Borist hefur bréf frá Skipulagsstofnun dags. 5. des. s.l. þar sem fram kemur að stofnunin geri ekki athugasemdir við fram komið deiliskipulag við Dimmuborgir.
Sveitarstjóra falið að auglýsa deiliskipulagið í B-deild Stjórnartíðinda.

3. Bréf frá Jóhannesi Steingrímssyni.

Fyrir fundinum liggur bréf dags. 26. des. s.l. frá Jóhannesi Steingrímssyni þar sem hann óskar eftir 6 mánaða launalausum leyfi.
Sveitarstjórn samþykkir að verða við umbeðnu leyfi með þeirri undantekningu að Jóhannes sinni áfram smíðakennslu við grunnskólann út vorönn.

4. Bréf Félagsmálaráðuneytisins v/ráðstefnu 4.febrúar.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Félagsmálaráðuneytinu dags. 4. jan. Þar er vakin athygli á ráðstefnu sem haldin verður 4. feb. n.k. og fjallar um áætlun félagsmálaráðuneytisins og Barnaverndarstofu um stefnumarkandi áætlun í barnavernd 2007-2010.
Skútustaðahreppi er boðið að senda einn fulltrúa á ráðstefnuna.
Samþykkt að fulltrúi Skútustaðahrepps verði Dagbjört Bjarnadóttir.

5. Bréf Dvalarheimilis aldraðra v/byggingar búseturéttaríbúða á Húsavík.

Borist hefur bréf dags. 21. des. s.l. frá Soffiu A. Steinarsdóttur framkvæmdastjóra Dvalarheimilis aldraðra. Með bréfinu er óskað staðfestingar aðildarsveitarfélaga DA á stuðningi við fyrirhugaða byggingu 26 búseturéttaríbúða fyrir eldri borgara á Húsavík. Um er að ræða 2-4 herbergja íbúðir 64-101 m² að stærð í þremur 3-5 hæða húsum, auk sameignar, geymslu og möguleika á stæði í bílakjallara. Fyrirhugað er að byrja á 1. Áfanga vorið 2008, en í þeim áfanga eru 8 íbúðir. Framkæmdahraði mun ráðast af eftirspurn eftir íbúðum og gerður verður fyrirvari þar um í útboði. Lokið verður við hvern áfanga áður en byrjað verður á þeim næsta.
Í bréfinu kemur fram að í dag séu 36 einstaklingar/hjón á biðlista hjá DA eftir búseturéttaríbúð auk þess sem undanfarna mánuði hafi margir lýst áhuga sínum á fyrirhugaðri byggingu. Í framhaldi af þessu bréfi barst annað bréf frá framkvæmdastjóra DA dags. 10. jan. þar sem segir að hér sé raunar um viðbótaryfirlýsingu að ræða við hefðbundið verkferli sem verið hefur hjá DA þar sem venjulega hefur eingöngu verið stuðst við ákvarðanir aðalfunda DA í þessum efnun. DA og Hvammur, heimili aðraðra, eru sameign aðildarsveitarfélaganna og því ljóst að þau eru sameiginlega ábyrg fyrir rekstri og eignum félagsins, hverjar sem þær eru á hverjum tíma. Ekki er verið að fara fram á fjárframlög frá sveitarfélögunum heldur eingöngu staðfestingu á stuðningi við fyrirhugaðar framkvæmdir.
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir yfir fullum stuðningi við fyrirhugaðar framkvæmdir en beinir þeirri spurningu til framkvæmdastjóra og stjórnar DA hvort ekki væri möguleiki á byggingu slíkra íbúða í Skútustaðahreppi að því gefnu að eftirspurn eftir búseturéttaríbúðum fyrir aldraða í sveitarfélaginu, væri fyrir hendi.

6. Bréf Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála v/kæru Eldár ehf.

Borist hefur bréf dags. 19. des. s.l. frá Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála þar sem óskað er eftir að nefndinni verði send gögn er varðar kæru Eldár ehf á synjun um leyfi til reksturs gistingar að Helluhrauni 16. Sveitarstjóra falið að svara kærinni.

7. Malarvinnslan hf.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að ganga til samninga við Malarvinnsluna hf. um kaup á húsnæði félagsins að Múlavegi 1. Umsamið kaupverð er krónur tuttugu og tvær milljónir. Í kaupsamningi er kveðið á um hvernig greiðslum fyrir eignina skuli háttað.

Þar sem mál þetta bar brátt að var ekki gert ráð fyrir þessari fjárfestingu við gerð fjárhagsáætlunar 2008. Tillit verður tekið til þess við endurskoðun fjárhagsáætlunar síðar á árinu.

Húsið verður til afhendingar við undirritun kaupsamnings 21. jan. n.k. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

Fleira ekki gert.
Fundi slítið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.